



Umsókn í ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna 2020-2021



Óskað er eftir umsóknum frá ungmennum á aldrinum 13 til 18 ára frá öllum landshlutum.

Valdir verða tíu nýir fulltrúar í ráðið. Ungmennaráðið mun fræðast og fjalla um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ásamt því að koma sínum áherslumálum á framfæri og miðla gagnvirku efni á samfélagsmiðlum. Þá veitir ungmennaráðið stjórnvöldum ráðgjöf við innleiðingu markmiðanna ásamt því að funda árlega með ríkisstjórn.

Umsóknarfrestur er til og með **24. maí 2020**.
Sækið um á heimsmarkmidin.is/umsokn

Stjórnarráð Íslands